

**Sp.**

**516. Tillaga**

til þingsályktunar um gjaldmiðil.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson og Einar Arnórsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það væntir þess, að landsstjórnin geri ráðstafanir til þess að sjá landinu fyrir nægilegum gjaldmiðli, ef nauðsynlegt verður fyrir viðskiftalífið hjer á landi, vegna afleiðinga af Norðurálfustyrjöldinni, með bráðabirgðalögum, t. d. með því að gefa út fyrir landssjóðs hönd gjaldmiðil, er hljóði upp á 100 krónur hvert skírteini, og lána Íslandsbanka, ef hann óskar þess, gegn 4<sup>0</sup>/<sub>0</sub> ársvöxtum og nægilegri tryggingu.